

Fundargerð 112. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 19. desember 2016, kl.09.30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Sala eigna - staða*

a. Íslenskar fasteignir

Framkvæmdastjóri og stjórn fóru yfir endanlegan kaupsamning við ÍF fyrir undirritun hans á morgun. Stjórn telur jákvætt að aðilar sjái tækifæri á svæðinu og vilji fjárfesta hér í uppbyggingu til framtíðar. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að undirrita kaupsamninginn eins og hann hefur verið kynntur fyrir stjórn og fól honum að klára málið.

b. *Kauptilboð Algalífs í Bogatröð 10.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð Algalífs í Bogatröð 10. Algalíf átti forkaupsrétt á byggingunni og er hér að nýta forkaupsrétt sinn. Stjórn samþykkti tilboð Algalífs í byggingu að Bogatröð 10.

c. *Tilboð til evrópsku veðurstofunnar ECMWF (European Center for Medium-range Weather Forecasts)*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð íslenskra stjórnvalda til evrópsku veðurstofunnar ECMWF vegna færslu gagnavers þeirra. Stjórn fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

3. *Önnur mál*

Engin önnur mál voru rædd undir þessu lið.



Næsti stjórnarfundur áætlaður í janúar 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.33

Fjóla Hrund Björnsd.